

RÍÓ

311 tbl. desember 2019

# MVNDIR

mánaðarins



DWAYNE  
JOHNSON

JACK  
BLACK

KEVIN  
HART

KAREN  
GILLAN

# JUMANJI

THE NEXT LEVEL

FRUMSÝND  
6. DESEMBER

# FRÍSKANDI BRAGÐ!



HREINAR OG FRÍSKAR  
TENNUR UM JÓLIN


 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuftinis í tyggigúmmii



# Dreifðu greiðslum, borgaðu eftir jóla



Notaðu Pay Léttkaup í desember, dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði og þú byrjar ekki að borga fyrr en í febrúar.



[siminnpay.is](https://siminnpay.is)

## Útgefið í desember

### DVD

5.12.	Fast & Furious: Hobbs & Shaw	Myndform	Grínhasar	12 ára	12
13.12.	Hustlers	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	18
13.12.	Good Boys	Myndform	Gamanmynd	12 ára	19
20.12.	Rambo	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	22

### VOD

5.12.	Hvítur, hvítur dagur	Sena	Drama	12 ára	10
5.12.	Dronningen	Sena	Drama	16 ára	14
6.12.	The Wedding Year	Myndform	Gamanmynd	12 ára	14
6.12.	Bubbi byggir: Jólamyndin	Myndform	Barnaefni	Leyfð	15
12.12.	Toy Story - Leikfangasaga	Síminn	Teiknimynd	Leyfð	16
12.12.	Agnes Joy	Sena	Gamandrama	9 ára	17
13.12.	Hustlers	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	18
13.12.	Prospect	Myndform	Visindavestri	12 ára	20
13.12.	Mæja býfluga: Hunangseikarnir	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	20
19.12.	Den tid på året	Sena	Gamandrama	Leyfð	21
20.12.	Rambo: Last Blood	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	22
20.12.	Battle of the Sexes	Myndform	Sannsgulegt	Leyfð	23
20.12.	Mía og ég	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
27.12.	Thunder Road	Myndform	Gamandrama	6 ára	24
27.12.	Charlie Says	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	24
27.12.	Bubby byggir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	25



### MYNDIR MÁNAÐARINS

311. tbl. desember 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: [www.myndirmanadarins.is](http://www.myndirmanadarins.is)

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja


Upplag: 18.000 eintök



TVÆR ROSALEGAR  
Á VOD OG DVD  
Í DESEMBER



MYNDFORM



# HÄMMÖRF I KVÖLD?



# Stjörnuspá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú lætur ekki þitt eftir liggja í jólaundirbúningnum og ákveður að fara á þökkunarnámskeið sem gefur þér kost á 20% afslætti af slaufu-gerðarnámskeiði. Gott hjá þér.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Á meðan sumir í fiskamerkinu eru að hugsa um að gera eitthvað þá eru aðrir að gera það sem þeir eru að hugsa. Þannig hefur þetta alltaf verið. Þú kaupir skópar og stálull.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Þú gerir eitthvað grímulaust þegar líða tekur að jólum sem þýðir að þú verður ekki með grímu þegar þú gerir það. Þú skellir þér í tólf daga þrekátak 22. desember.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Þú ákveður að vera hagsýn(n) í ár og spara þér kaup á jólatré með því að líma saman nokkur herðatré. Settu svo bara helling af engla-hári og þá sér enginn muninn.



## Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Sjálfselska þín og eiginhagsmunahygga kemur sér mjög vel þann átjanda þegar einhver reynir að sníkja af þér pening fyrir súpuskál. Kaupu þér allt sem þig langar í.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Það er ekkert framundan hjá þér.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Jólaundirbúningur þinn og jólagleði fer fyrir lítið þann 22. þegar þú verður fyrir flugskeyti. Það góða er að það koma önnur jól eftir þessi þannig að þú þarft ekki að örvænta.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Lukkan verður með þér þann tólfta þegar þú vinnur notað bollastell á tombólu. Borðaðu mjög mikið af hangiketi á jóladag svo þú verðir stór og ljót(ur) eins og pabbi þinn.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Ást og kærleikur svífur yfir öllum í voginni sem eiga heima í Karfavogi og Smáragrund í Kópavogi. Einhver sem þú þekkir bara af afsþurn skiptir loksins yfir á vetrardekkinn.



## Sporðrekin 24. okt. - 21. nóv.

Það skiptast á skin og skúrir hjá þér á næstu vikum sem er ekkert óeðlilegt enda er það svoleiðis hjá öllum. Notaðu jólahátíðina til að endurmeta allt í kútaskápnunum.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Mundu að greiða alla reikninga tímanlega núna í desember svo þeir loki ekki fyrir rafmagnið eins og í fyrra. Vertu tilbúin(n) að flýja út á land ef löggangur kemur.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Eftir að hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika á undanförmum árum ferðu loksins að sjá til sólar í erfiðustu málunum í ágúst á næsta ári. Ekki gleyma að brynna músinni.

## Afmæli og Óskarsverðlaun ...



Þann 18. desember verða liðin tíu ár frá því að myndin *Avatar* var frumsýnd í kvikmyndahúsum á Íslandi, en hún varð svo á nokkrum vikum að tekjuhæstu mynd allra tíma og hélt þeirri nafnbót þar til síðasta sumar þegar *Avengers: Endgame* skaut upp fyrir hana. Þess ber þó að geta að munurinn á þeim er svo lítill að sennilega væri *Avatar* enn í toppsætinu ef verðbólga væri tekin með í dæmið.

30 ára frumsýningarafmæli núna í desember á svo m.a. jólamyndin *National Lampoon's Christmas Vacation*, sem var frumsýnd 1. desember 1989. Myndin þótti og þykir auðvitað enn ein af alfyndustu gamanmyndum síðastliðinna áratuga og er í raun orðin sígild mynd í huga margra sem hafa það jafnvel fyrir sig að horfa á hana a.m.k. einu sinni yfir hverja jólahátíð. Það er ágætur siður.

Þótt Jennifer Lopez hafi leikið í mörgum þekktum myndum og verið á meðal kraftmestu listamanna í Hollywood á öðrum sviðum hefur hún aldrei verið tilnefnd til Óskarsverðlauna. Nú spá margir sem í þannig hlutum spekulera að hún muni hljóta tilnefningu á næsta ári fyrir aukahlutverk sitt í myndinni *Hustlers ...* og þykir mörgum þeirra kominn tími til að hún hljóti þessa eftirsóttu verðlaunastyttu.

Þeir karlleikarar sem eru taldir líklegastir til að hljóta Óskar á næsta ári fyrir besta leik í aðalhlutverki eru þeir Jonathan Pryce, Adam Driver, Leonardo DiCaprio, Taron Egerton, Antonio Banderas, Eddie Murphy, Joaquin Phoenix, Christian Bale, Robert De Niro, Adam Sandler, Matthew Rhys, Brad Pitt, Michael B. Jordan, Danie Craig, Mark Ruffalo, Edward Norton, Daniel Kaluuya og Paul Walter Hauser.



Bíómyndin *Man on the Moon* eftir Milos Forman á 20 ára frumsýningarafmæli í desember en hún skartaði (og skartar auðvitað enn) Jim Carrey í hlutverk grínistans Andys Kaufman sem var allan sinn listamannsferil mjög umdeildur enda tók hann upp á mörgu mjög óvenjulegu í gjörningum sínum. Jim Carrey hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir frábæran leik sinn og þótti mörgum það súrt að hvorki hann né myndin var tilnefnd til neinna Óskarsverðlauna.

40 ára frumsýningarafmæli á svo m.a. myndin *The Jerk* eftir leikstjórnann Carl Reiner með Steve Martin í aðalhlutverki sem skrifaði einnig kostulega söguna og handritið. Þetta var fyrsta bíómynd Steves og má segja að hún hafi fært honum alþjóðlega frægð og vinsældir en fram að því hafði hann fyrst og fremst verið þekktur í Bandaríkjunum fyrir mjög sérstakt uppistandsgrín og sjónvarpssketsa í hinum og þessum sjónvarpsþáttum.

Þær myndir sem nú eru taldar líklegastar til að fá Óskarinn á næsta ári sem besta mynd ársins eru í eftirfarandi röð: *The Irishman*, *Parasite*, *Once Upon a Time In... Hollywood*, *1917*, *The Two Popes*, *Marriage Story*, *Jojo Rabbit*, *Judy*, *Joker*, *The Farewell*, *Rocketman*, *Little Women*, *Ford v Ferrari*, *A Beautiful Day In The Neighborhood*, *A Hidden Life*, *Bombshell*, *Waves*, *Knives Out*, *Dolomite is My Name*, *Honey Boy*, *Dark Waters*, *Harriett*, *Booksmart* og *The Report*.

Og að lokum viljum við nefna þær leikkonur í aðalhlutverki sem teljast núna líklegastar til að hljóta Óskarinn. Þær eru Renée Zellweger, Scarlett Johansson, Charlize Theron, Cynthia Erivo, Saoirse Ronan, Alfre Woodard, Awkwafina, Lupita Nyong'o, Beanie Feldstein, Emma Thompson, Julianne Moore, Elisabeth Moss, Felicity Jones, Helen Mirren, Valerie Pachner, Noémie Merlant, Michelle Williams, Kristen Stewart, Mary Kay Place og Francesca Hayward.

**Líka með jólamyndum**




**Litríkt bíónammi**



Ég tel mig vera mjög rómantíska í eðli mínu og því henta rómantísk hlutverk mér vel. Ég finn mig vel í ástarsögum.

- Alicia Vikander.



Það er mun meiri pressa núna en áður að vera í sviðsljósinu og nýtt fólk þarf harðari skráp. Í dag eru t.d. nánast allir með myndavélar og ef maður gerir mistök er það komið á netið og í fjölmiðla tíu mínútum síðar og gleymist aldrei.

- Jason Bateman.



Ég elska að fljúga. Mér finnst flugvélamatur mjög góður og mér finnst frábært að blunda í friði og fá engin símtöl, engan tölvupóst og engin skilaboð. Ég skil ekki hvernig fólk getur fundist þreytandi að fljúga þegar það er einmitt svo hundrað prósent afslappandi.

- Margot Robbie.



Ekki reyna að vera eins og ég, því það er bara einn ég. Farðu frekar í tölvunám.

- Jackie Chan, spurður hvaða ráðleggingar hann gæti gefið ungum leikurum, en sjálfur kann hann ekkert á tölvur.



Að búa til kvikmynd er sextán klukkustunda vinna á sólarhring, sjö daga vikunnar í átján mánuði. Þess vegna langar mann ekki að búa til sömu myndina aftur.

- Paul Greengrass, spurður hvers vegna hann hefði upphaflega hafnað því að leikstýra fjórðu Jason Bourne-myndinni.



Mig langar mest til að leika snák. Eða ... nei ... mig langar að leika ofurhetju.

- Felicity Jones, spurð um hvert draumahlutverkið sé.



„Just in case.“

- Jared Leto að svara því hvers vegna hann sé með fallöxi í stofunni hjá sér.




Munurinn á kvikmyndagerð í Evrópu og Bandaríkjunum er að í Evrópu reyna menn að búa til góðar myndir og vona svo að þær seljist en í Bandaríkjunum reyna menn að búa til myndir sem seljast og vona svo að þær verði góðar.

- Renny Harlin.



Yfirleitt finnst mér gamanmyndir ekkert fyndnar. Mér fannst hins vegar *Raging Bull* og *Goodfellas* fyndnar myndir, í raun með fyndnustu myndum sem ég hef séð fyrir utan *Jackass*-myndirnar.

- Louis C.K.




Mér finnst langskemmtilegast að leika menn sem mér líkar ekki við.

- Jason Sudeikis, spurður um skemmtilegasta hlutverkið.



Þabbi var ekta New York-gjöngingur og mamma var ekta New York-írskur kapólikki. Saman bjuggu þau mig til. Sjálfur er ég ekki mikill trúmaður en mér hefur samt alltaf þótt gott að hafa báðar þessar dyr opnar.

- Stephen Lang, um trúmál sín.



Mitt helsta vandamál er hvað ég veit lítið. Ég vissi t.d. ekki að fólk byggi til listaverk úr smjöri fyrr en ég fletti því upp á Google og uppgötvaði að þar er að finna meira um 550 þúsund greinar og myndir af listaverkum úr smjöri.

- Ty Burrell.



Engin borg hefur kennt mér jafnmikið og Los Angeles. Hún kenni mér hvernig ég vildi alls ekki vera.

- Renée Zellweger, sem býr á heimaslóðunum í Texas.



Minn besti og versti galli er að ég tala stöðugt við sjálfa mig.

- Kate McKinnon.



Ég get verið allveg ágætur í kvikmyndum en ég er hræðilegur í að vera frægur.

- Jonah Hill.



Ég er meingallaður. Erum við ekki öll gölluð? En æ, ég nenni ekki lengur að afsaka mig.

- Mel Gibson.



*Ást við fyrstu sýn*

**Egils**



*Egils Malt og Appelsín*



## Hvítur, hvítur dagur

Drama



**Aðalhlutverk:** Ingvar E. Sigurðsson, Ída Mekkín Hlynsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Arnmundur Ernst Backman, Björn Ingi Hilmarsson, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Laufey Elíasdóttir, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Sverrir Þór Sverrisson og Þór Tulinius **Leikstjórn:** Hlynur Pálmason

**Útgefandi:** Sena

5. desember



„... eins og boxbardagi tveggja stórleikara ... og jú, trúið mér þegar ég segi: Ingvar E. hefur grínlaust aldrei verið betri í bíómynd.“  
Tengivagninn RÚV - Ásgeir H. Ingólfsson.

### Veistu svarið?

Ingvar E. Sigurðsson hefur hlotið fjölmörg verðlaun á ferli sínum, þ. á m. átta Eddu-verðlaun. Það vita kannski færri að af þessum átta Eddum hlaut hann tvær fyrir annars vegar handritsgerð og hins vegar framleiðslu myndar árið 2007. Hver var myndin?



Fotlaugar.

## Tilfinningarík og taugatrekkjandi upplifun

*Hvítur, hvítur dagur* er önnur mynd leikstjórans og handrits-höfundarins Hlyns Pálmasonar í fullri lengd en sú fyrri, *Vetrarbræður* (*Vinterbrødre*), hlaut sérlega góða dóma og sópaði til sín verðlaunum, þ. á m. bæði Bodil- og Robert-kvikmyndaverðlaununum dönsku sem besta mynd ársins 2017.

*Hvítur, hvítur dagur* hefur nú þegar hlotið fjölda viðurkenninga og frábæra dóma síðan hún var heimsfrumsýnd á Cannes kvikmyndahátíðinni í maí sl., ekki síst Ingvar E. Sigurðsson á aðalhlutverkinu, en auk hans fara þau Ída Mekkín Hlynsdóttir og Hilmir Snær Guðnason með veigamestu hlutverkin og þykja eins og Ingvar sýna stórleik.

Hér segir frá lögreglustjóranum Ingimundi sem hefur verið í starfsleyfi frá því að eiginkona hans lést af slysförum. Í sorginni einbeitir hann sér að því að byggja hús fyrir dóttur sína og afastelpu, eða allt þar til athygli hans beinist að manni sem hann fer að gruna að hafi átt í ástarsambandi við eiginkonu sína. Fljótlega breytist þessi grunur Ingimundar í þráhyggju og leiðir hann til róttækra gjörða sem óhjákvæmilega bitna einnig á þeim sem standa honum næst.



Ingvar E. Sigurðsson og Hilmir Snær Guðnason í hlutverkum sínum í myndinni. Þess má til gamans geta að sú sem leikur afastelpu Ingvars, Ída Mekkín Hlynsdóttir, er dóttir leikstjórans, Hlyns Pálmasonar.

## Punktar .....

- *Hvítur, hvítur dagur* var heimsfrumsýnd á Critic's Week-hluta hinnar virtu Cannes-kvikmyndahátíðar í maí sl. og vann þar önnur aðalverðlaunin, Rising Star-verðlaunin, sem veitt voru Ingvari E. Sigurðssyni fyrir bestu frammistöðu leikara. Síðan þá hafa bæði Ingvar, aðrir leikarar myndarinnar og myndin sjálf bætt mörgum rósom í hnappagatið á ýmsum kvikmyndahátíðum og hlotið afar góða dóma. Þess ber að geta að Ingvar er nú tilnefndur til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem verða veitt í Berlín 7. desember.

- *Hvítur, hvítur dagur* verður framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna í flokki erlendra mynda ársins 2019.

- Myndin átti upphaflega að koma út á sjónvarpsleigunum í nóvember en var frestað til 5. desember og er því endurbirt hér.





# Í HÁTÍÐAR- SKAPI MEÐ DEL MONTE

Ómissandi í  
forréttinn,  
aðalréttinn og  
baksturinn






## Fast & Furious: Hobbs & Shaw

Gaman / Hasar



**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Jason Statham, Idris Elba, Vanessa Kirby, Helen Mirren, Eddie Marsan, Eiza González, Teresa Mahoney og Cliff Curtis **Leikstjórn:** David Leitch **Útgefandi:** Myndform

5. desember



Það er óhætt að fullyrða að þeir Hobbs og Shaw eigi eftir að sjá það svart í baráttunni við Brixton Lore sem ræður yfir ofurkröftum.

### Veistu svarið?

Dwayne Johnson er með ýmislegt á þrjónunum, eins og venjulega, þ. á m. hlutverk ofurhetju í tólftu myndinni í DC Comics-ofurhetjuveröldinni sem verður, ef áætlanir ganga eftir, frumsýnd eftir tvö ár, þ. e. í desember 2021. Hvað heitir sú ofurhetja?



Black Adam

### Ekkert gefið eftir ...

Tveimur árum eftir atburðina í *The Fate of the Furious* þurfa erkióvinirnir Luke Hobbs og Deckard Shaw að leggja persónulega óvild sína hvor í annars garð til hliðar og snúa þess í stað bókum saman í baráttu við sameiginlegan óvin, og reyndar óvin alls mannkyns, hinn gríðarlega öfluga Brixton Lore.

Það leikur enginn vafi á að þessi „hliðarmynd“ í *Fast & Furious*-seríunni mun gera það gott þegar hún kemur á DVD enda er hér á ferðinni hin besta afþreying. Hér eiga sviðið þeir Luke Hobbs og Deckard Shaw sem eru sannarlega engir perluvinir eftir fyrri viðskipti. Auk þeirra kynnumst við nú systur Deckhards, Hattie, sem er heldur ekkert lamb að leika sér við, og bræðrum Lukes sem einnig eru hver öðrum öflugri. Saman leggur þessi vaski hópur til atlögu við hinn genabreytta Brixton Lore sem er ekki bara sterkur og snjall heldur ræður yfir her hryðjuverkamanna. Búið ykkur undir hasar og grín eins og það gerist best, stórskemmtileg áhættuatriði og toppskemmtun!



Aðaltólfarnir þrír í *Hobbs & Shaw*: Jason Statham sem leikur fyrrverandi sérsveitarmanninn og nú málaliðann Deckard Shaw, Dwayne Johnson sem leikur alríkislögreglumanninn Luke Hobbs og Idris Elba sem leikur fyrrverandi MI6-njósarann Brixton Lore sem nú er leiðtogi hryðjuverkamanna og er á höttunum eftir banvænni veiru sem getur þurrkað út allt mannkynið eins og það leggur sig.

### Punktur .....

★★★★★ - *San Francisco Chronicle* ★★★★★1/2 - *The Telegraph*  
 ★★★★★1/2 - *Empire* ★★★★★1/2 - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *Slant*  
 ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *H. Reporter*

• Leikstjóri myndarinnar er David Leitch sem var m.a. meðleikstjóri fyrstu *John Wick*-myndarinnar og leikstýrði síðan *Atomic Blonde* og *Deadpool 2*. Handritshöfundur er hins vegar Chris Morgan sem skrifað hefur handrit allra *Fast & Furious*-myndanna frá og með *Tokyo Drift*.





Chris Hemsworth var staddur í Japan 22. nóvember á Comic Con-ráðstefnu og var heiðraður þar með þessum tveimur gripum, annars vegar hamrinum Mjölni og hins vegar með öðruvísi hamri ... sem við vitum ekki hvað táknar.



Tónlistarkonan Kacey Musgrave sem m.a. hlaut Grammy-verðlaunin núna síðast fyrir bestu plötu ársins (*Golden Hour*) og besta lag (*Space Cowboy*) skartaði þessari neongrænu kápu á dögnum í New York og vakti mikla athygli.



Alicia Keys tekur hér mynd af sér og Bebe Rexha þar sem þær hittust í New York 22. nóvember, en Bebe þykir mjög líkleg til að fá tilnefningu til Óskars í janúar fyrir lag sitt, *You Can't Stop The Girl* úr myndinni *Maleficent: Mistress of Evil*.



Þau Kate Beckinsale og Jamie Foxx mættu á sérstaka hátíð á vegum Hollywood Reporter í tilefni af því að meðlimir útlensku pressunnar í Bandaríkjunum voru að fara opinberlega af stað með Golden Globe-forkosningarnar. Þess má geta að vatnið þarna á borðinu er íslenskt.



Hildur Guðnadóttir hlaut eins og kunnugt er Emmy-verðlaunin fyrir tónlist sína við sjónvarpsseríuna *Chernobyl* sem gerði það gott á árinu. Vonandi verður hún tilnefnd til Óskars fyrir frábæra tónlist sína í myndinni *Joker*.



Hailee Steinfeld var á röltinu á Manhattan í New York 12. nóvember og skoðaði fót í nokkrum af mörgum tiskuvöruslunum borgarinnar. Kannski var hún að velja sér afmælisdress en hún verður 23 ára 11. desember.



### Hið ranga verður aldrei rétt

Anne er virtur og vel metinn lögfræðingur sem hefur sérhæft sig í málum sem varða misnotkun á börnum. Í einkalífnum hefur henni einnig gengið vel og eiga hún og eiginmaður hennar, Peter, tvær dætur. Þegar Gustav, sonur Peters úr fyrra sambandi, flytur inn á heimilið stofnar hún til forboðins sambands við hann og leggur um leið allt sitt undir, bæði starfsheiður sinn og einkalíf ... með hrikalegum afleiðingum fyrir alla sem að málinu koma.

Hér er á ferðinni mögnuð og gríðarlega áhrifarík verðlaunamynd eftir May el-Toukhy sem skrifaði einnig handritið ásamt Maren Louise Käehne. Við fylgjumst hér með hvernig Anne lætur alla skynsemi lönd og leið í sambandi sínu við stjúpsoninn og síðan til hvaða ráða hún grípur þegar upp um samband þeirra kemst ...

### Punktur .....

★★★★ - Los Angeles Times ★★★★★ - Screen International

★★★★ - Film Threat ★★★★★1/2 - H. Reporter ★★★★★1/2 - Variety

• *Dronningen* hefur hlotið frábærar viðtökur jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda. Hún hefur einnig hlotið fjölmörg verðlaun, t.d. World Cinema-verðlaunin á Sundance-hátíðinni sem besta myndin, fyrstu verðlaun á Gautaborgarhátíðinni sem besta norræna myndin, bæði hjá dómnefnd og hjá áhorfendum, og svo verðlaun Norðurlandaráðs sem besta myndin. Þess utan hafa þau Trine Dyrholm og Gustav Lindh hlotið ómælt lof fyrir frábæran leik og er Trine nú tilnefnd til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna.



Það leikur allt í lyndi hjá hjónunum Peter og Anne, eða allt þar til sonur Peters úr fyrra hjónabandi flytur inn til þeirra.



**Aðalhl.:** Trine Dyrholm, Gustav Lindh, Magnus Krepper og Liv og Silja Dannemann **Leikstj.:** May el-Toukhy **Útg.:** Sena

Drama

5. desember




### Að prófa áður en maður kaupir

Mara er 27 ára gömul og hefur alla tíð verið harðákveðin í að binda sig ekki einum manni og því síður að ganga í hjónaband. Dag einn fer hún á stefnumót með kokkinum Jake og má segja að fyrir tilviljun ákveði þau að sækja saman sjö brúðkaup vina sinna til að sjá hvort það sé eitthvað fyrir þau!

*The Wedding Year* er rómantísk gamanmynd með þeim Söruh Hyland og Tyler James Williams í aðalhlutverkum en þau eiga það sameiginlegt að hafa risið til frægðar og frama í vinsælum sjóvarpsþáttum, hún sem Haley Dunphy í *Modern Family* og hann sem titilpersónan í *Everybody Hates Chris*. Þetta er lafluft skemmtun þar sem ýmsar hliðar á dæmigerðum bandarískum brúðkaupum eru skoðaðar.

### Punktur .....

• Leikstjóri myndarinnar, Robert Lucetic sem hér gerir sína fyrstu bíómynd í sjö ár, á nokkrar þekktar og skemmtilegar rómantískar gamanmyndir að baki, t.d. *Legally Blonde*, *Win a Date with Tad Hamilton!*, *Monster-in-Law*, *The Ugly Truth* og *21*.



Tyler James Williams og Sarah Hyland sem þau Jake og Mara í *The Wedding Year*.



**Aðalhlutv.:** Sarah Hyland, Keith David, Anna Camp og Tyler James Williams **Leikstj.:** Robert Luketic **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

6. desember



Jólin koma

Það verður glatt á hjalla hjá Bubba byggir og félögum þegar jólin nálgast enda að mörgu að hyggja.



Það er reyndar alltaf glatt á hjalla hjá Bubba en aldrei samt eins og þegar jólin koma því það er eitthvað við jólaundirbúninginn sem er meira spennandi en önnur verkefni. Huga þarf að jólatrénu, jólaljósunum og jólaskreytingunum og þá ekki síður að jólapökkunum sem í huga flestra krakka er það mest spennandi af öllu.

Í þessari skemmtilegu jólamynd um Bubba byggir er víða komið við til að stytta börnunum biðina og það er enginn annar en Elton John sem sér um tónlistina.



VOD L 63 min

Teiknimynd um jólaævintýri Bubba byggis og félaga hans  
Útgefandi: Myndform

Jólamynd/barnaefni

6. desember



Pau Gugu Mbatha-Raw og Edward Norton mættu prúðbúin á frumsýningu myndarinnar *Motherless Brooklyn* í New York 1. nóvember, en Edward bæði leikstýrði og skrifaði handritið auk þess að leika í henni ásamt Gugu.



Emilia Clarke var hins vegar stödd í London í byrjun nóvember þar sem verið var að forsýna rómantísku gaman- og jólamyndina *Last Christmas*, en hún hefur sannarlega fallið vel í geð þeirra sem kunna að meta slíkar myndir.



Jennifer Aniston og Reese Witherspoon stilla sér hér upp saman en þær þykja fara á miklum kostum í aðalhlutverkum sjónvarpsríunnar *The Morning Show* ásamt þeim Steve Carell og Billy Crudup sem leika aðalkarhlutverkin.



## Toy Story 4 Leikfangasaga 4

Teiknimynd / Fjölskylduskemmtun



**Íslensk talsetning:** Felix Bergsson, Magnús Jónsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Tinna Hrafnisdóttir, Oddur Júlíusson, Orri Huginn Ágústsson, Valdimar Flygenring, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Karl Ágúst Úlfsson og fleiri  
**Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Útgefandi:** Síminn

12. desember



### Tilbúin í ferðalag?

Fjórða *Toy Story*-myndin kemur út á sjónvarpsleigu Símans 12. desember, en níu ár eru nú liðin frá útgáfu þriðju myndarinnar og 24 ár síðan fyrsta *Toy Story*-myndin, sem um leið var fyrsta 100% tölvuteiknaða bíómynd sögunnar, reyndist upphafið að þeirri sigurgöngu Pixar-fyrirtækisins sem enn stendur yfir og hefur getið af sér margar af vinsælustu teiknimyndum allra tíma.

Í *Toy Story 4* mæta að sjálfsgöðu öll gömlu og góðu leikföngin til leiks á ný með Vidda og Bósa ljósár í fararbroddi. Auk þess hafa nokkur ný leikföng bæst í hópinn, þar á meðal plastgaffallinn Fork, sem eigandi leikfanganna, Bonnie, bjó sjálf til og á eftir að verða örlagavaldurinn í sögunni þegar hann týnist. Við það getur Viddi ekki sætt sig og ákveður að finna Fork og koma honum heim á ný. Í þeim björgunarleiðangri gerast svo vægast sagt stórbrotin hlutir sem eiga eftir að fá Vidda og vini hans til að endurmeta tilveruna ...

### Punktur .....

★★★★★ - RogerEbert.com ★★★★★ - Washington Post  
★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - Playlist ★★★★★1/2 - IGN  
★★★★1/2 - R. Stone ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★1/2 - Wrap

• Myndin kemur út bæði með íslenski talsetningu og enskri en í þeirri síðarnefndu eru það sem fyrr þeir Tom Hanks og Tim Allen sem tala fyrir þá Vidda og Bósa og með önnur hlutverk fara margir þekktir leikarar eins og Keanu Reeves, Jordan Peele, Joan Cusack, Christina Hendricks, Patricia Arquette, Wallace Shawn, Timothy Dalton, Keegan-Michael Key, Bonnie Hunt og Laurie Metcalf.






## Maður er manns gaman

**Bíómyndin *Agnes Joy* er einstaklega vel gerð og grátbrosleg mæðgnasaga eftir leikstjórnann Silju Hauksdóttur. Þetta er áleitin saga úr samtímanum og um leið þroskasaga mæðgna frá Skaganum þar sem húmorinn er aldrei langt undan.**

Hér segir frá Rannveigu sem hefur að undanfögnu upplifað kulnun í bæði starfi og einkalífínu. Það er ekki nóg með að hún sé einmana, hjónabandið með eiginmanninum Einari sé á leið í hundana og að hún sé föst í starfi sem hún hatar, heldur á hún einnig í stöðugum útistöðum við dóttur sína Agnesi, sem er uppreisnargjörn og krefst þess að fara sínar eigin leiðir þrátt fyrir boð, bönn og sígildar móðurlegar ráðleggingar sem fara inn um annað og út um hitt.

Þegar nýr nágranni, leikarinn Hreinn, birtist á tröppunum til að fá lánað fjöltengi er eins og vonbrigði og gremja hversdagsins hverfi um stund hjá mæðgunum. Það leiðir til þess að fjölskyldan neyðist til að endurmeta hlutina og horfast í augu við glænýjar áskoranir.



## Agnes Joy

Gamandrama



**Aðalhlutverk:** Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Donna Cruz, Þorsteinn Bachmann, Björn Hlynur Haraldsson og Kristinn Óli Haraldsson  
**Leikstjórn:** Silja Hauksdóttir **Útgefandi:** Sena

12. desember



„Donna Cruz, sem leikur Agnesi, ryður sér til rúms með glæsibrag í sínu fyrsta stóra hlutverki.“ - Brynja Hjálmsdóttir, Mbl.

### Veistu svarið?

Frábær tónlistin í *Agnes Joy* er eftir Jófríði Ákadóttur sem mörgum er kunnug úr hljómsveitunum Pascal Pinon og Samaris, en einnig fyrir sólóferil undir listamansheitinu JFDR. Hvað heitir fyrsta plata JFDR?



112019



„Katla Margrét vinnur hér leiksigur, hún gengur algjörlega inn í marglaga persónu Rannveigar sem er allt í senn viðkvæm, kímín og þvermóðskuleg.“ - Brynja Hjálmsdóttir, Mbl.

## Umsagnir gagnrýnenda:

„*Agnes Joy* er einstaklega vel leikin kvikmynd og er samleikur helstu leikara svo hárfinn að vandaður efniviðurinn fær hreinlega vængi ... Satt best að segja er ekki að finna snöggan blett á kvikmyndinni *Agnes Joy*.“ - Heiða Jóhannsdóttir, RÚV.

„Handrit myndarinnar er feikilega gott ... Samtölin eru lipur og snjöll og framvindan heldur manni vel við efnið ... Persónusköpunin er frábær ... Leikur og leikstjórn er ekki síðri og greinilegt að Silja er afskaplega fær í að vinna með leikurum því allir leikararnir eru frábærir, líka þeir sem eru í litlum hlutverkum ... Aukapersónurnar eru hver annarri skemmtilegri.“ - Brynja Hjálmsdóttir, Mbl.




Fjórir af aðalleikurum myndarinnar í hlutverkum sínum, þ.e. Donna Cruz, Björn Hlynur Haraldsson, Þorsteinn Bachmann og Katla Margrét Þorgeirsdóttir, en Kristinn Óli Haraldsson, best þekktur sem tónlistarmaðurinn Króli, leikur einnig stórt hlutverk í myndinni.

Svindl á svindl ofan

**Hustlers** fjallar um nokkrar konur sem dönsuðu á háklessa súlustöðum í New York á árunum eftir aldamótin síðustu og löðuðu m.a. að sér karlmenn sem unnu á Wall Street og óðu margir hverjir í peningum á þeim tíma. En svo kom hrunið!

*Hustlers* er þrælgóð kvikmynd sem óhætt er að mæla með við alla kvikmyndaunnendur eldri en 16 ára. Sagan er að grunni til sönnu glæpasaga sem gerist eftir hrun þegar nokkrar fyrrverandi dansmeyjar á súlu- og nektarstöðum í New York tóku sig saman um að svindla hressilega á auðugum körlum sem sumir hverjir voru fyrrverandi „viðskiptavinir“ þeirra á dansstöðunum. Í gang fór alveg ótrúlega bíræfin flétta sem átti fljótlega eftir að vinda upp á sig þar til lögreglan komst í málið og allt sprakk í háaloft. Hvernig það gerðist látum við þó væntanlegum áhorfendum eftir að uppgötva!



Lili Reinhart, Jennifer Lopez, Keke Palmer og Constance Wu í hlutverkum sínum í nýjustu mynd leikstjórans Lorene Scafaria, *Hustlers*.

**Hustlers**

Glæpadrama / Grín / Sannsögulegt



**Aðalhlutverk:** Constance Wu, Jennifer Lopez, Julia Stiles, Keke Palmer, Lili Reinhart, Cardi B, Lizzo, Madeline Brewer og Mercedes Ruehl **Leikstjóri:** Lorene Scafaria **Útgefandi:** Myndform

**13. desember**



Destiny (Constance Wu) fær hér tilsögn frá Ramonu (Jennifer Lopez).

**Veistu svarið?**

Jennifer Lopez, sem þykir vinna leiksigur í hlutverki Ramonu í *Hustlers*, sló upphaflega í gegn sem leikkona á árunum 1997–1998 þegar hún lék í fjórum vinsælum myndum í röð, þ.e. í *Selena*, *Anaconda*, *U-Turn* og ... hvaða mynd eftir Steven Soderbergh?



Out of Sight.

**Punktar** .....

- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Slate* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
- ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★1/2 - *IGN*
- ★★★★★1/2 - *C.S. Times* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Rolling Stone*
- ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *H. Reporter*

• Leikstjóri myndarinnar, Lorene Scafaria sem á m.a. að baki myndirnar *Seeking a Friend for the End of the World* og *The Meddler*, skrifaði einnig handritið að *Hustlers* og byggði það á sannri sögu sem færð var í letur af blaðakonunni Jessicu Pressler og birt í New York Times árið 2015 undir heitinu *The Hustlers at Scores*. Greinina má enn nálgast og lesa á netinu.

• Jennifer Lopez æfði súludans í nokkra mánuði fyrir gerð þessarar myndar og var þó enginn aukvisi í dansi fyrir. Hermt er að hún sýni til dæmis sannkallaða snilldartakta þegar hún er að kenna Constance Wu undirstöðutaktana í atriðinu sem sjá má ljósmynd úr hér til vinstri.



Sagt er að þær Constance Wu og Jennifer Lopez nái einstaklega vel saman í myndinni og séu eftir gerð hennar orðnar bestu vinir í raun.



## Good Boys

Gamanmynd




**Aðalhlutverk:** Jacob Tremblay, Keith L. Williams, Brady Noon, Will Forte, Molly Gordon, Josh Caras, Christian Darrel Scott, Lil Rel Howery, Sam Richardson, Millie Davis og Retta **Leikstjórn:** Gene Stupnitsky  
**Útgefandi:** Myndform

13. desember



### Veistu svarið?

Af þeim þremur sem leika aðalhlutverkin er Jacob Tremblay langþekktastur eftir að hafa slegið í gegn í myndinni *Room* og síðan leikið í myndum eins og *Wonder*, *The Book of Henry*, *The Predator* og *Doctor Sleep*. Hver lék móður hans í fyrstnefndu myndinni?



Brie Larson

## Vandræðin eru víða

Þrjú ellefu ára strákar og skólafélagar lenda í miklum vanda þegar dróni sem þeir „fengu lánaðan“ hjá pabba eins þeirra er klófestur af stúlkunni sem þeir ætluðu að ná myndbandi af að kyssa kærastann. Drónann verða þeir að endurheimta hvað sem það kostar áður en pabbinn uppgötvar að hann er horfinn.

*Good Boys* er laflétt og fjörug mynd um uppátæki þeirra Max, Lucasar og Thors sem eru að uppgötva ýmislegt sem þeir vissu ekki um heim þeirra fullorðnu. Þegar Max er boðið í „kossapartí“ þar sem talsverðar líkur eru á að hann þurfi að kyssa stelpu í fyrsta sinn fyllist hann miklum kvíða því hann kann ekki að kyssa og er því dauðhræddur um að verða að athlægi í partíinu. Til að öðlast nauðsynlega þekkingu á hvernig maður ber sig við tekur hann fyrrnefndan dróna pabba síns traustataki til að taka upp kossafleens kærustupars á táningsaldri. Nú þarf hann ásamt félögum sínum, þeim Lucasi og Thor, að finna leið til að ná drónanum af stelpunni sem hefur hann í sinni vörslu, en það reynist hægara sagt en gert ...



Brady Noon, Jacob Tremblay og Keith L. Williams leika vinina þrjá.

## Punktur .....

★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ 1/2 - *L.A. Times* ★★★★★ 1/2 - *ReelViews* ★★★★★ 1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ 1/2 - *Paste* ★★★★★ 1/2 - *IndieWire* ★★★★★ 1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★ 1/2 - *R.Ebert*

- *Good Boys* er fyrsta myndin sem Gene Stupnitsky leikstýrir en hann skrifaði einnig handritið ásamt samstarfsmanni sínum, Lee Eisenberg. Þeir Gene og Lee eiga m.a. að baki handrit myndanna *Year One* og *Bad Teacher* auk þess að hafa bæði framleitt og skrifað fjölda þátta í bandarísku *Office*-sjónvarpsseriunni.

- Aðalframleiðendur *Good Boys* eru þeir Seth Rogen og Evan Goldberg, en þeir eiga sem framleiðendur að baki grínmyndir eins og *Superbad*, *Neighbors*-myndirnar, *Knocked Up*, *The Disaster Artist*, *Sausage Party*, *The Interview*, *50/50*, *Blockers*, *Pineapple Express* og fleiri þekktar myndir.



Þarna hafa þeir Lucas, Thor og Max komist í eitthvað vafasamt á netinu.



**Aðalhlutverk:** Sophie Thatcher, Jay Duplass og Pedro Pascal  
**Leikstjórn:** C. Caldwell og Z. Earl **Útg.:** Myndform

Vísindavestri

13. desember

## Engum að treysta

Cee er á táningsaldri og er ásamt föður sínum á leiðinni til græna tunglsins Bakhroma þar sem þau ætla að leita að fágætum og gríðarlega verðmætum eðalsteinum sem leynast í jarðvegi skóglendis. En þetta er hættuspil því fyrir utan baneitrað andrúmsloftið á Bakhroma þurfa þau að takast á við vægðarlausu samkeppni græðgisdrifinna manna sem eru til alls vísir.

*Prospect* hefur verið lýst sem raunsannri vísindaskáldsögu eða jafnvel sem „vísindavestra“ þar sem sagan og baráttan hefur minnt marga gagnrýnendur á John Huston-vestra. Hér takast á hið góða og hið illa við óvenjulegar aðstæður framtíðarinnar þar sem lög og regla er víðsjarri og hnefarétturinn er það eina sem menn virða. En hvernig á táningsstúlka eins og Cee að komast af í slíku umhverfi?

### Punktur .....

★★★★1/2 - *Austin Chronicle* ★★★★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Verge*  
★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Variety*

- *Prospect* er fyrsta bíómynd leikstjóranna og handritshöfundanna Christophers Caldwell og Zekes Earl en þeir skrifuðu einnig handritið sem er byggt á samnefndri verðlaunastuttmynd þeirra frá árinu 2014.

- Útíatriði myndarinnar, þ.e. þau sem gerast á græna tunglinu Bakhroma, voru tekin upp í Olympic-þjóðgarðinum í Vestur-Washington.

- Myndin hefur fengið mjög góða dóma, ekki síst þeirra sem kunna að meta vísindaskáldsögur. Sjá t.d. ummæli notenda á [lmdb.com](http://lmdb.com).



Í fjarlægri framtíð ferðast mannfólkið til annarra plánetna og tungla í leit að verðmætum málmum og auðlindum.



**Teiknimynd** um Mæju býflugu og féлага hennar sem nú taka þátt í Hunangsaleikunum **Útgef.:** Myndform

Barnaefni

13. desember

## Látum leikana hefjast!

Hér er á ferðinni 85 mínútna mynd um Mæju býflugu og féлага sem sækir innblásturinn í *Hungurleika*-myndirnar.

Mæja býfluga er hvers manns hugljúfi eins og allir vita, kurteis og tillitssöm og vill ekkert frekar en að öllum líði vel. En þegar á þarf að halda getur Mæja líka verið staðföst og ákveðin og á þann eiginleika reynir í þessari mynd þegar hún móðgar óvart keisaraynjuna í Suðlandi sem setur henni þá afarkosti að keppa í Hungurleikunum svokölluðu eða sæta annars enn verri refsingu ...



Gleðileg jól ... eða þannig

Jólin eru gengin í garð og það er ekkert leyndarmál að Katrine kvíðir hinu árlega jólaboði fjölskyldunnar sem í þetta sinn kom í hennar hlut að halda. Ekki það að Katrine fari ekki létt með að reiða fram jólakrásir fyrir fjórtán gesti heldur veit hún sem er að eins og venjulega mun eitthvað koma upp á.

*Den tid på året* er sætsúrt gamandrama þar sem húmorinn verður dálítið dökkur á köflum enda eru fjölskyldumeðlimirnir af ýmsu sauðahúsi og eiga það til að láta flest flakka þegar sá gállinn er á þeim. Mest kvíðir Katrine þó fyrir að fá systur sína sem er nýkomin úr afvötnun í heimsókn og þá ekki síður fráskilda foreldra sína sem nota hvert tækifæri sem gefst til að jagast hvort í öðru, öllum öðrum sem nálægt þeim eru til lítillar skemmtunar. Þess utan er ung dóttir hennar í uppreisnarhug ...

**Punktur** .....

- Fyrir utan að leikstýra og leika eitt af aðalhlutverkunum skrifaði Paprika Steen einnig drögin að sögu myndarinnar en fékk svo leikritaskáldið Jakob Weis til að skrifa handritið.
- *Den tid på året* var tilnefnd til sex Robert-verðlauna og sjö Bodil-verðlauna, þ. á m. fyrir besta leik í bæði aðal- og aukahlutverkum karla og kvenna, fyrir búninga og sem besta mynd ársins. Myndin hlaut síðan Bodil-verðlaunin fyrir besta handritið.
- *Den tid på året* er þriðja mynd Papriku Steen sem leikstjóra en þær fyrri voru *Lad de små børn ...* frá árinu 2004 og *Til døden os skiller* sem hún gerði 2007.



Sofie Gråbøl og Paprika Steen leika systurnar Barböru og Katrine, en þessi mynd var tekin fyrir upptöku á einu atriði myndarinnar.



**Aðalhlutverk:** Paprika Steen, Jacob Lohmann, Lars Knutzon og Lars Brygmann **Leikstjórn:** Paprika Steen **Útg.:** Myndform

**Gamandrama**

**19. desember**




Leikarahjónin Keri Russell og Matthew Rhys mættu með góða skapið á forsyningu myndarinnar *A Beautiful Day In The Neighborhood* í New York 17. nóvember, en Matthew leikur stórt hlutverk í henni á móti Tom Hanks.



Robert Pattinson og Chris Evans eru góðir félagar í raun og mættu saman á frumsýningu myndarinnar *The Lighthouse* í Los Angeles 16. nóvember, en Robert fer með annað aðalhlutverkið í henni á móti Willem Dafoe.



Idina Menzel og Kristen Bell, sem tala fyrir þær Elsu og Önnu í *Frozen*-myndunum, voru eins og flestir kollegar þeirra við gerð myndarinnar mættar á forsyninguna sem haldin var með pompi og prakt í Los Angeles 7. nóvember.



## Rambo: Last Blood

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Sylvester Stallone, Paz Vega, Yvette Monreal, Sergio Peris-Mencheta, Adriana Barraza, Genie Kim, Joaquín Cosío, Óscar Jaenada og Louis Mandylor **Leikstjórn:** Adrian Grunberg  
**Útgefandi:** Myndform

**20. desember**



Yvette Monreal leikur frænkuna ungu sem Rambo þarf að bjarga.

### Veistu svarið?

Skáldsagan *First Blood* eftir David Morrell kom út árið 1972 og var gefin út í íslenskri þýðingu fyrir jólin 1976. Þetta var fyrsta bók Davids og kynnti til sögunnar sérsveitarmanninn John Rambo sem hafði lifað tímana tvenna. En hvað hét sagan á íslensku?



*©suqnap undtjæb*

### Síðasta verkefnið?

Vonir Johns Rambo um að fara að geta tekið því rólega á fjölskyldubúgarðinum fara fyrir lítið þegar ungri frænku hans er rænt af mexíkósku glæpagengi og hann neyðist til að fara til Mexíkó til að frelsa hana úr þrúðinni áður en það er of seint.

Já, John Rambo, sem birtist okkur fyrst í myndinni *First Blood* sem gerð var eftir samnefndri bók rithöfundarins Davids Morrell, mætir á DVD og sjónvarpsleigurnar 20. desember í fimmtu myndinni um hann, ellefu árum eftir að hann lét síðast á sér kræla í myndinni *Rambo* árið 2008. Sú mynd fékk fína dóma og mikla aðsókn og það má vera ljóst að þótt aldurinn sé að færast yfir hefur Rambo engu gleymt þótt síða hárið og rauða hárbandið sé komið á hilluna ...



Þótt aldurinn sé farinn að færast yfir John Rambo hefur hann engu gleymt og er til alls vís þegar einhver gerir á hlut hans.

### Punktar .....

- Sylvester Stallone er tvísaga um hvort þessi fimmta mynd um John Rambo sé sú síðasta því hann hefur bæði haldið því fram að hún sé það og líka að e.t.v. verði sjötta myndin gerð ef þessi gengur vel.
- Þetta er önnur mynd Adrians Grunberg sem leikstjóra en sú fyrri var hin þrælskemmtilega *Get the Gringo* sem Mel Gibson lék aðalhlutverk í árið 2012. Þess ber þó að geta að Adrian er margreyndur aðstoðarleikstjóri og vann sem slíkur að þekktum myndum eins og *Traffic*, *Collateral Damage*, *Amores perros*, *Man on Fire*, *Jarhead*, *Apocalypse* og *Edge of Darkness* svo einhverjar séu nefndar af mörgum.
- Sagan í myndinni er eftir Sylvester Stallone sem einnig skrifaði handritið í samvinnu við Matthew Cirulnick.



Frá tókum á myndinni sem fóru að mestu fram í Búlgaríu, á Spáni og á Kanaríeyjum í október, nóvember og desember í fyrra.

## Battle of the Sexes

Sagan af einu frægasta tenniseinvígi allra tíma

**Pann 20. september 1973 mættust þau Bobby Riggs og Billie Jean King í tenniseinvígi í Texas eftir að Bobby hafði haldið því fram að engin kona gæti sigrað hann í tennis. Í þessari afar vel leiknu og skemmtilegu mynd er farið yfir aðdraganda þessa einvígis og að sjálfsgöðu einvígis sjálft.**

Ef þú vilt sjá skemmtilega mynd, frábæran leik og sögu sem markaði tímamót þá skaltu ekki láta *Battle of the Sexes* fram hjá þér fara. Bobby Riggs var fyrrverandi tennismeistari sem hélt því fram að þótt hann væri orðinn 55 ára þá væri hann enn það góður í tennis að engin kona gæti sigrað hann. Í framhaldinu ákvað hann að skora á eina bestu tenniskonu heims í einvígi og úr varð stórkostlegur viðburður ...

### Punktur .....

★★★★★- *San Franc. Chronicle*

★★★★1/2- *Hollywood Reporter*

★★★★1/2- *Chicago Sun-Times*

★★★★- *Empire* ★★★★★- *E.W.*

★★★★★- *Total Film* ★★★★★- *Screen*


★★★★★- *Time* ★★★★★- *Variety*

• *Battle of the Sexes* hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna, þ.e. fyrir leik Emmu Stone og Steves Carell í aðalhlutverkum enda fara þau bæði á miklum kostum í myndinni.

• Skoðið endilega frekari upplýsingar um þetta einstaka og sögulega einvígi Bobbys Riggs og Billie Jean King, tildrög þess og eftirmál, sem finna má á netinu.



Emma Stone og Steve Carell í hlutverkum þeirra Billie Jean King og Bobbys Riggs, en einvígi þeirra naut gríðarlegrar athygli og var sjónvarpað beint til milljóna áhorfenda.



**Aðalhl.:** Steve Carell, Emma Stone og Andrea Riseborough  
**Leikstj.:** Jonathan Dayton **Útgefandi:** Myndform

Sannsgöulegt

20. desember

## Komdu með í ævintýralandið Sentópíu

*Mía og ég* eru tölvuteiknaðir 23 mínútna þættir um hina tólf ára gömlu Míu sem í gegnum gjöf frá föður sínum, sem var uppfinningamaður, getur ferðast inn í álfa- og ævintýralandið Sentópíu þar sem hún breytist sjálf í álfastelpu.


Í Sentópíu búa bæði álfar og margs konar furðudýr svo sem einhyrningar sem Mía tekur miklu ástfóstri við enda skilur hún mál þeirra og þeir hennar. Ásamt þeim og öðrum vinum sínum lendir Mía síðan í margs konar skemmtilegum ævintýrum.



**Teiknimyndir** um hina 12 ára Míu sem ferðast inn í ævintýralandið Sentópíu **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

20. desember



## Með mótlætið í fangið – Og meira á leiðinni

Lögreglumaðurinn Jim Arnaud er að ganga í gegnum erfiða tíma. Það er ekki nóg með að kær móðir hans sé nýdáin og að hann hafi gert sig að athlægi í útför hennar heldur hefur hann nýlega komist að framhjáaldi eiginkonu sinnar sem nú er flutt til viðhaldsins og krefst þess að fá fullt forræði yfir dóttur þeirra, Crystal – auk þess sem hún hótar að flytja á fjarlægjar slóðir þannig að Jim geti ekki hitt hana. En það allra versta er eftir.

Fólk sem kann að meta óháða kvikmyndagerð ætti alls ekki að missa af þessari stórgóðu mynd Jims Cummings sem er hér allt í öllu, skrifaði handritið, leikstýrði, framleiddi og leikur aðalhlutverkið. Þetta er mynd og saga sem kemur á óvart.

### Punktar .....

★★★★★ - *Playlist* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★★★1/2 - *OnFilm*

• *Thunder Road*, sem er byggð á samnefndri stuttmynd frá árinu 2016, hefur unnið til fjölda verðlauna á hinum ýmsu kvikmyndahátíðum og var tilnefnd til Spirit-verðlaunanna sem besta óháða mynd ársins 2018.

• Myndin var tekin upp í rétttri tímaröð á 45 dögum og segir sagan að hún hafi aðeins kostað um 200 þúsund dollara þar sem flestir sem að gerð hennar komu gáfu vinnu sína.

• *Thunder Road* sækir heiti sitt í samnefnt lag Bruce Springsteen sem hefur táknræna merkingu í sögunni.



Í myndinni er gríni og alvöru blandað saman á skemmtilegan hátt. Hér eru þeir Jim Cummings og Nican Robinson að skoða töku á einu atriði *Thunder Road*.



**Aðalhlutverk:** Jim Cummings, Kendal Farr, Macon Blair og Nican Robinson **Leikstjórn:** Jim Cummings **Útg.:** Myndform

Gamandrama

27. desember



## Fórnarlamb eða morðingi?

Sönn saga Leslie „Lulu“ Van Houten sem 19 ára að aldri gekk Charles Manson á hönd ásamt fleirum og átti eftir að taka þátt í glæpaverkunum sem hann fyrirskipaði. Hér er sagan að miklu leyti sögð frá hennar sjónarhóli.

Þótt margir litu á Charles Manson sem stórhættulegan glæpamann heillaði hann aðra sem litu á hann sem leiðtoga. Þannig upplifði Leslie Van Houten hann þegar hún hitti hann fyrst og það leið ekki á löngu uns hún var orðin ástkona hans. Um leið varð hún að eiturfjaneytanda því Manson gaf áhangendum sínum ofskynjunarefnið LSD sem segja má að hafi fjótlega yfirtekið líf Leslie og fyllt hana þeim ranghugmyndum sem breyttu henni í kaldrifjaðan morðingja ...

### Punktar .....

★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Film Stage* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Rolling Stone*

• Þetta er fimmta bíómynd leikstjórans Mary Harron en hinar fjórar eru *I Shot Andy Warhol*, *The Notorious Bettie Page*, *The Moth Diaries* og hin viðfræga *American Psycho* frá árinu 2000.

• Handrit myndarinnar, sem er eftir Guinevere Turner, er byggt á tveimur bókum um Manson-fjölskylduna, *The Long Prison Journey of Leslie Van Houten: Life Beyond the Cult* eftir Karlene Faith (sem er jafnframt ein af aðalpersónum myndarinnar) og *The Family* eftir Ed Sanders.

• Sú sem leikur Sharon Tate, hin 23 ára Grace Van Dien, er dóttir Caspers Van Dien og Carrie Mitchum.



Myndin gerist að hluta til eftir að Leslie og aðrir í Manson-hópnum voru handtekin. Sosie Bacon, Hannah Murray og Marianne Rendón í hlutverkum sínum í myndinni.



**Aðalhlutverk:** Hannah Murray, Matt Smith, Sosie Bacon og Merritt Wever **Leikstjórn:** Mary Harron **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

27. desember





## Bubbi byggir – Fjórði hluti nýrrar seríu

Þættirnir um Bubba hafa komið út síðan 1998 og í þessari 20. þáttaröð hefur bæði hann sjálfur og allt hans umhverfi breytt um svip!

Þótt þessir nýju þættir um Bubba, sem hófu göngu sína á DVD og á sjónvarpsleigunum 11. apríl, séu með öðru sniði en áður og útlitið og umhverfið hafi breyst er hjartað á sínum stað. Hér er um að ræða fjórða hluta seríunnar með þáttum 25 til 31 og við hvetjum að sjálfsögðu bæði gamla og nýja aðdáendur til að fylgjast með frá byrjun og upplifa þau fjölmörgu verkefni sem Bubbi tekur sér fyrir hendur ...

### Punktur .....

- Þættirnir um Bubba byggir eru að sjálfsögðu vandlega talsettir á íslensku svo þau yngstu fái notið þeirra sem best en þýðandi er Hildigunnur Þráinsdóttir. Þau sem ljá persónunum raddir sínar eru m.a. Sigurbjartur Sturla Atlason, Aðalbjörn Tryggvason, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Valdís Eiríksdóttir, Íris Hólm Jónsdóttir, Bjarki Kristjánsson, Steinn Ármann Magnússon, Agla Bríet Einarsdóttir, Karl Páls-son, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir og Gunnar Ólason.



Íslensk talsetning: Sjá leikara í punktum  
Leikstjórn: Árni Ólason Útgefandi: Myndform

Barnaefni


27. desember



Ben Affleck og Ana de Armas brosa hér breitt við tölur á myndinni *Deep Water* eftir Adrian Lyne 13. nóvember, en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Patriciu Highsmith, höfundar bókanna um hinn hæfileikaríka Ripley.



Þær Elizabeth Banks og Kristen Stewart fagna hér hvor annarri á frumsýningu myndarinnar *Charlie's Angels* í Los Angeles 11. nóvember, en þær leika báðar veigamikil hlutverk í henni auk þess sem Elizabeth er jafnframt leikstjóri.



Jennifer Hudson og Marlon Wayans eru hér við tölur á myndinni *Respect* í Harlem 5. nóvember, en hún er eftir Liesl Tommy og er byggð á ævisögu tónlistarkonunnar Arethu Franklin. *Respect* verður frumsýnd í ágúst á næsta ári.



SíminnBíó

# Toppmyndir



SíminnBíó



**Héraðið**

Héraðið er nýjasta mynd Gríms Hákonarsonar og gerist í litlu samfélagi þar sem við kynnumst Ingu kúabónda sem gerir uppreisn gegn kaupfélaginu á staðnum. Hún reynir að fá aðra bændur í lið með sér en það gengur erfiðlega þar sem kaupfélagið hefur sterk ítök í sveitinni og þeir eru fáir sem þora gegn því.

Drama 6



**Once Upon a Time ... in Holly...**

Segja má að þessi niunda og rómaða mynd Quentins Tarantino sé heil kvikmyndahátið út af fyrir sig og um leið einstakur óður til kvikmyndalistarinnar, kryddaður húmor og miklu innsæi. Sagan í myndinni er skáldskapur en um leið sækir hún talstvert af efni um líf og raunverulegar persónur.

Tarantino 16



**Yesterday**

Yesterday fjallar um tónlistarmanninn Jack Malik sem er alveg að gefast upp á að hafa í sig og á með tónlist þegar hann verður kvöld eitt fyrir bíl og missir meðvitund. Þegar hann vaknar er hann kominn inn í einhvers konar hliðarveröld þar sem Bitlarnir voru ekki til og enginn þekkir tónlist þeirra – nema hann.

Gamanmynd 9



**Leynilíf gæludýra 2**

Hundurinn Max og öll gæludýrin sem hann þekkir fara sem fyrr á kostum í Leynilíf gæludýra 2, en hún er frá Illumination sem gerði m.a. Aulinn ég-myndirnar. Sem fyrr skyggjumst við hér á bak við tjöldin í lífi gæludýra og fáum að sjá enn betur en síðast hvað þau taka sér fyrir hendur þegar eigendurnir sjá ekki til.

Teiknimynd L



**The Grinch**

Hin sigilda saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jóluum frá íbúum Hver-bæjar kemur í ferskum og mjög myndum búningi teiknimyndafyrirtækisins Illumination sem gerði m.a. Aulinn ég-myndirnar, myndirnar vinsælu um litlu gulu Skósvéinana, Syngdu og Leynilíf gæludýra.

Teiknimynd 6



**Hundur hennar hátignar**

Rex er einn af hundum Elísabetar Englandsdrottningar og nýtur þeirra forréttinda að búa í Buckinghamhöll. Dag einn kemur Donald Trump forseti Bandaríkjanna í heimsókn ásamt eigin konu sinni, Melaniu, og tikinni Mitzi sem fær þegar augastað á Rex. Þar með setur hún í gang mjög óvænta atburðarás ...

Teiknimynd L



**Stuber**

Stu er sérlega kurteis, hæglátur og vandvirkur maður sem er einkar umhugað um að halda í fimm stjörnu-einkunnina sem hann hefur aflað sér sem leigubílstjóri hjá Uber. Þegar lögregluáðurinn Vic tekur bíl hans á leigu ógnar hann um leið öllu því sem Stu er kærast og setur líf hans algjörlega úr skordum.

Gamanmynd/hasar 16



**Aladdin**

Ævintýrið um Aladdin, sem sótt er í uppfærðu útgáfuna af arabisku þjóðsögnum Þúsdag og ein nátt og Disney gerði fráþæra teiknimynd eftir árið 1992, er hér fært í nýjan, litríkan og spennandi búning þar sem tónlist og dans kemur mikið við sögu og grínið og fjörið er aldrei langt undan.

Ævintýri 9



**Rocketman**

Elton John þarf engar kynningar við enda hefur hann trónað á toppnum í popptónlistinni allar götur frá því hann sló fyrst í gegn árið 1970 með lagi sínu Your Song. En tónlistarsaga hans nær mun lengra aftur í tímann en það og í þessari mynd leikstjórans Dexters Fletcher er farið yfir feril hans frá byrjun.


Sannsóleglegt 12



**UglyDolls**

Ljótubrúðurnar búa í Ljótábæ þar sem þær una ágætlega við sitt. Það á eftir að breytast dálítið þegar nokkrar þeirra leggja land undir fót og uppgötva að hinum megin við stóra fjallið þeirra er annar bæ, Fullkominbær, þar sem allar brúðurnar eru fullkonnar en ekki ljótar eins og þær sjálfar.

Teiknimynd L



**Spider-Man: Into the Spi...**

Spider-Man: Into the Spider-Verse er stórskemmtilegt hliðarævintýri frá hinum venjulegu Spider-Man-myndum þar sem aðalsöguhetjan Miles Morales telur sig hinn eina og sanna köngulóarmann – en hefur auðvitað rangt fyrir sér. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins 2018.

Teiknimynd 6



**Godzilla: King of the Monsters**

Godzilla: King of the Monsters er óbeint framhald myndarinnar Godzilla sem kom út 2014 og naut mikilla vinsælda. Hér heldur ævintýrið áfram og í þetta sinn þarf Godzilla m.a. að takast á við hlið þríhöfða skrimsli Ghidorah sem ætlar sér alheimsfyrirráð, en í þeim átökum má mannfólkið síns frekar lítills – eða hvað?

Ævintýri 12



**Crawl**

Þegar öllum íbúum bæjarfélagsins Coral Lake er skipað að yfirgefa bæinn þar sem fellibylur af allra stærstu gerð er við það að ganga yfir svæðið með tilheyrandi flóðum uppgötvar Haley Keller að faðir hennar, Dave, svarar ekki kalli. Þvert á ráðleggingar heldur hún því inn í bæinn, staðráðin í að finna föður sinn.

Tryllir 16



**Að temja drekann sinn 3**

Í þessari þriðju og síðustu mynd um ævintýri vikingastráksins Hiksta og dregans hans, Tannlausa, lenda þeir í sínu mesta ævintýri til þessa þegar þeir þurfa að takast á við hinn illa drekabana Grimmel sem hefur einsett sér að ná Tannlausa á sitt vald. Það má honum að sjálfsgöðu ekki takast!

Teiknimynd L



**Snæfríður Snar á bjargar jól ...**

Þegar einn af vitingrunum þremur hverfur sporaust kemur það í hlut álfstelpunnar Snæfríðar að finna hann. Málin vandast verulega þegar fleiri persónur sem tengjast jóluum taka að hverfa og það verður ljóst að sjálf jólahátiðin er í hættu ... nema Snæfríði takist að handsama hinn seka!

Teiknimynd L



**The Hustle**

Tvær konur sem hafa sérhæft sig í alls kyns svikum og þrettum taka höndum saman um að svindla hressilega á forrikum mönnum og fá þá til að gefa sér hluta af auðæfum sínum. Allt gengur upp eins og í sögu þar til tæknifrómuðurinn og milljarðameringurinn Thomas kemur til sögunnar.

Gamanmynd 12



**Mid90s**

Stevie er 12 ára gamall strákur í Los Angeles sem fær mikinn áhuga á hjólbrettaþróttinni og kynnist í framhaldinu eldri strákum sem eru lengra komnir í henni en hann og leggja fyrir sig ýmsar áhættuþrautir. Mid90s er fyrsta mynd Jonah Hill sem leikstjóra og þykir hann fara afar vel af stað í því hlutverki.

Drama 12



**The Man Who Killed Don ...**

Nýjasta mynd Terrys Gilliam sem hefur gert nokkrar af bestu myndum sögunnar eins og Brazil, Time Bandits, Twelve Monkeys og The Fisher King. Eins og nafn myndarinnar gefur til kynna sækir sagan í henni innblásturinn í hina frægu sögu Don Kíkóta eftir Miguel de Cervantes og er bráðskemmtileg frá upphafi til enda.

Gamandrama 12



**Galveston**

Roy Cady er leigumörðingi sem hefur nýlega uppgötvað að hann er með ólæknandi krabbamein. Þegar hann kemst að því að auki að mafíuforinginn Stan hefur ákveðið að láta drepa hann eftir árálanga þjónustu snýst hann til varnar af öllum þeim mætti sem hann á eftir, staðráðin í að hefna sín.


Spennumynd 16



**The Cloverhitch Killer**

Tyler er 16 ára strákur sem býr ásamt fjölskyldu sinni í smábænum Cloverhitch, en sá skuggi hvílir yfir honum að fyrir tíu árum höfðu tíu konur, íbúar í bænum, verið kyrtar af óþekktum mörðingri. Dag einn fær Tyler fulla ástæðu til að ætla að þessi óþekkti mörðingri sé maður sem hann þekkir vel ... faðir hans!

Spennumynd 16



**Beautiful Boy**

Beautiful Boy er gríðarlega vel gerð, vel leikin og áhrifarík mynd enda er sagan í henni eins sönn og kvikmyndasögur geta orðið. Hér segir frá Nic Sheff sem féll ungar að árum fyrir eiturfyrjum og um leið er þetta saga foreldra hans sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð en voru staðráðin í að gefast aldrei upp.

Sönn saga 16

# GJAFAKORT NETTÓ

– einföld og góð gjöf



Þú getur keypt **gjafakort Nettó** í öllum okkar verslunum – hvar sem er á landinu. Kortið er einfalt og þægilegt í notkun. Þú getur verslað gjafakortið beint á kassa fyrirhafnarlaust. Það hefur aldrei verið einfaldara.